

Föstudaginn 1. febrúar 1963.

Nr. 173/1962. **Guðmundur Magnússon**
 gegn
Hjálmar Sveinbjörnssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Magnússon, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 8. febrúar 1963.

Nr. 144/1962. **Ákærvaldið**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
Baldri Hólmgeirssyni.
 (Lúðvík Gizurarson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línđal.

Meinýrði um opinberan starfsmann. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Lögð hafa verið fram í Hæstarétti ný gögn í máli þessu, þar á meðal endurrit framhaldsprófa, sem háð voru eftir uppsögu héraðsdóms.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson, sem hinum átöldu ummælum er beint að, hefur verið slökkviliðsstjóri Reykjavíkurflugvallar frá síðara hluta árs 1947. Var honum sett erindisbréf, útgefið af flugvallastjóra hinn 28. janúar 1949.

Ummæli þau, sem ákæra tekur til, eru í þremur greinum, sem birtar voru nafnlausar í Nýjum Vikutiðindum 23.

febrúar, 9. marz og 30. marz 1962. Í héraðsdómi eru ákæruatriði réttilega aðgreind eftir efni ummælanna í þrjá flokka, og verða þau tekin hér til athugunar með sama hætti.

1. Um ákæruatriði I. 6. og 8. II. 2. og III. 3. og 6.

Eins og fyrrsagnir tveggja fyrstu greinanna bera með sér, beinast ásakanir á hendur slökkviliðsstjóra mjög að því, að tjara, sem verið hafi í vatnsgeymum flugvallarins, hafi háð starfi slökkviliðsins hinn 29. janúar 1962, er eldsvoða þann bar að höndum, sem í málinu greinir.

Til efni þessara ummæla mun vera það, að um eða fyrir 1950 hafi tjara verið sett í þrjá geyma á flugvellingum. Kveðst Guðmundur slökkviliðsstjóri ekki hafa átt þar neinn hlut að máli, enda verið fjarverandi frá störfum, er þetta var ráðið og gert. Hefur þeirri skýrslu hans ekki verið hnekk. Leitt er í ljós, að tjaran hafði verið losuð aftur úr geymunum mörgum árum áður en umræddur bruni varð. Eru ummælin því röng, og þar sem með þeim er dróttað að slökkviliðsstjóranum vítaverðu framferði og vanrækslu í starfi, varða þau við 108. gr. laga nr. 19/1940.

2. Um ákæruatriðin I. 4. og 5.

Í héraðsstefnu er greint efni þeirra ummæla, sem hér eru átalín, og ber með skírskotun til forsendna dómsins að staðfesta þá úrlausn, að aðdróttanir þær, sem í ummælunum felast, séu brot á ákvæðum 108. gr. laga nr. 19/1940.

3. Um ákæruatriðin I. 1., 2., 3., 7. og 8., II. 1., 3., 4. og 5. og III. 1., 2., 4., 5., 7. og 8.

Hér er veitt að slökkviliði flugvallarins og slökkviliðsstjóra sérstaklega með margendurteknum fullyrðingum og stóryrðum um ódugnað, hæfileikaskort og vanrækslu í starfi, án þess að það sé rökstutt með einstökum dæmum, að undantekinni framangreindri ásökun um tjörungeymslu í vatnsgeymum. Ákærði hefur í málflutningi borið fyrir sig, að eldsuppkoman í skálanum á Reykavíkurflugvelli, sem áður var getið, hafi stafað af því, að neisti frá rafsuðutæki hafi komizt í loklausan benzíngeymi snjóplógs, sem þar var geymdur, en vítavert hafi verið að hafa geymi þenna loklausan. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar hafði

snjóplógur þessi verið fluttur í skálann í ágústmánuði 1961, en Guðmundur slökkviliðsstjóri hefur í framhaldsprófum málsins talið plóginn hafa komið þangað um það bil ári áður en bruninn varð. Kveðst hann hafa veitt því athygli fljótlega eftir komu snjóplógsins í skálann, að benzíngeymir á plögnum var loklaus. Hafi hann haft orð á því við umráðamann plógsins, að hann lokaði geyminum, en umráðamaðurinn hafi þá svarað því, að hann væri í þann veginn að taka benzíngeyminn af plögnum. Þetta hafi þó ekki verið gert, og kveðst slökkviliðsstjórinn hafa veitt því athygli nokkru síðar, að tuska hefði verið breidd yfir opið. Ekki kveðst hann hafa aðgætt, hvort benzin væri á geyminum.

Það verður að teljast vangæzla af hálfu slökkviliðsstjórans, að hann gekk ekki úr skugga um, að umræddum benzíngeymi á snjóplögnum væri tryggilega lokað, ekki hvað sízt þar sem notkun rafsuðutækja fór fram í skálanum. En með hinum átöldu ummælum, sem getur í þessum tölu-lið, er slökkviliðsstjóra borin á brýn siendurtekin og stórfelld vanræksla í starfi, frá því að hann tók við stjórn slökkviliðsins. Eru ummælin því miklu viðtækari en svo, að þau séu réttlætt með framangreindri vörn ákærða, þó að tillit beri að taka til hennar við ákvörðun refsingar fyrir ummælin, sem í heild sinni varða við 108. gr. laga nr. 19/1940.

Þegar virt eru sakaratriði samkvæmt framansögðu, þykir refsing ákærða hæfilega metin kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, svo sem ákveðið er í héraðsdómi, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Dæma ber ákærða samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í fyrsta tölublaði, sem út kemur af blaðinu Nýjum Vikutiðindum eftir birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma Guðmundi Ragnari Guðmundssyni slökkviliðsstjóra miskabætur úr hendi ákærða, og ákveðast

þær kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1962 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, er renni í rikissjóð, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Hólmgeirsson, greiði í rikissjóð 3000.00 króna sekt, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Ákærða er skylt að birta forsendur héraðsdómsins og hæstaréttardóminn í heild í fyrsta tölublaði, sem út kemur af blaðinu Nýjum Vikutiðindum, eftir birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Guðmundi Ragnari Guðmundssyni kr. 10.000.000 með 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1962 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, er renni í rikissjóð, og málsvarnarlaun Lúðvíks Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. september 1962.

Ár 1962, föstudaginn 21. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þor-

björnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4625/1962: Ákærvaldið gegn Baldri Hólmgeirssyni, sem tekið var til dóms 7. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 16. júlí s.l., gegn Baldri Hólmgeirssyni ritstjóra, Austurbrún 4, hér í borg, fæddum 14. maí 1930 að Kálfagerði í Saurbæjarhreppi, fyrir að hafa birt ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann, Guðmund Guðmundsson, slökkviliðsstjóra á Reykjavíkurflugvelli, og aðdróttanir í hans garð, allt út af starfi hans, í nafnlausum greinum í 8., 10. og 13. tölublaði 2. árgangs Nýrra vikutíðinda, er út komu 23. febrúar, 9. marz og 30. marz 1962.

Ummælin eru þessi:

1. Í 8. tölublaði í greininni: „Bruninn á flugvellingum. Var tjara á vatnstönkum vallarins?":

1. „margir hallmælt slökkviliði flugvallarins fyrir það getuleysi að geta ekki slökkt eld, sem kviknar við þess eigin bæjarðyr. Það er eitthvað athugavert við það, og eftir að hafa lesið viðtal við slökkviliðsstjóra flugvallarins í Vísi þann 10. febrúar, þá sér hver hugsandi maður, að þar er ekki allt með felldu“.

2. „.... þar er eitthvað verið að hylja og strá sandi í augu almennings, sem á fulla heimtingu á að vita hið sanna í þessu máli“.

3. „.... í stað þess að reyna að kæfa eldinn með vatni úr geymum þeirra þegar í stað, og er enginn vafi á, að það hefði tekizt, ef allt hefði verið með felldu“.

4. „.... þessum furðulegu vinnubrögðum“

5. „Eða áttu slökkviliðsmenn sjálfir eitthvað geymt þar?“.

6. „Við nánari athugun kom í ljós, að í umræddum geymi var TJARA.“

7. „Við, sem fljúgum um þennan völl, eigum fulla heimtingu á, að slökkvilið vallarins sé fært um að gegna hlutverki sínu. Með núverandi ástandi er allt öryggi flugfarþega, er um völlinn fara, í voða. Líf 80 farþega og áhafnar einnar flugvélar er mikils virði, og það yrði dýrt spaug, ef það færi forgörðum fyrir handvömm.“

8. „Það er mikil ábyrgð, sem hvílir á herðum þess manns, sem gaf heimild til að geyma TJÖRU í geymi, sem ætlaður var til afnota sem vatnsgeymir, ef bruna bæri að höndum. Þetta verður að teljast vítavert athæfi, eins og hver maður hlýtur að sjá, og ber tafarlaust að láta þann mann standa fyrir máli sínu.

Sjálfur slökkviliðsstjóri á mikla sök á því ófremdarástandi og kæruleysi, sem ríkir innan slökkviliðs vallarins“.

II. Í 10. tölublaði í greininni: „Tjaran á tönkunum. Ýtarleg rannsókn fari fram á brunanum á Reykjavíkurflogvelli.“

1. „Slökkviliðsstjóri forðast það eins og heitan eldinn að segja sannleikann varðandi brunavarnir flugvallarins sem hafa einkennzt af kæruleysi og slóðaskap um margra ára bil eða frá því að Guðmundi Guðmundssyni hlotnaðist embætti slökkviliðsstjóra Reykjavíkurflogvallar.“

2. „.... því furðulega tiltæki, hvers vegna tjara í stað vatns hefði verið í umræddum vatnsgeymum“.

3. „.... verður hann að teljast óhæfur til að gegna því starfi, er honum á sínum tíma tókst að sölsa undir sig fyrir pólitískar sakir af fyrrverandi slökkviliðsstjóra vallarins“.

4. „.... hið mikla öngþveiti og kæruleysi, er ríkir í brunamálum flugvallarins undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar“.

5. „Embætti slökkviliðsstjóra flugvallarins er mikilvægara en að það þoli að því sé sinnt af kæruleysi, eins og raunin hefur orðið á, og víst er, að þar er eigi allt með felldu.“

III. Í 13. tölublaði í greininni: „Bruninn á flugvellinum. Alvarleg embættisafglöp slökkviliðsstjóra.“

1. Undirfyrirsögnin: „Alvarleg embættisafglöp slökkviliðsstjóra.“

2. „Það vita allir, í hvílíku ófremdarástandi brunamál Reykjavíkurflogvallar eru undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar, sem vissulega veit þó af sínu embætti.“

3. „.... ekki þorað að svara þeim greinum, sem birzt hafa í Nýjum vikutiðindum og fleiri blöðum varðandi tjöruna í vatnsgeymum flugvallarins“.

4. „Starfshættir slökkviliðs flugvallarins voru þá með slíkum eindæmum, að furðu sætti svo og viðbrögð slökkviliðsstjóra“

5. „Slökkviliðsstjóri á mikla sök á því, hvernig fór“

6. „.... en hann verður að teljast fullkomlega ábyrgur fyrir tjörunni í vatnsgeymunum“

7. „Hér er um alvarleg embættisafglöp að ræða, og með þeim hefur slökkviliðsstjóri enn sýnt það, að hann er óhæfur til að gegna sínu embætti og ætti fyrir löngu að vera búinn að losa hann við það. Hann hefur gert sjálfan sig að viðundri í

augum almennings og sennilega flestra kollega sinna, sem hlæja að honum, svo ekki sé meira sagt“

8. „Það er of mikið í húfi til þess að brunamálum flugvallarinn sé sinnt af slíku kæruleysi, sem raun ber vitni. Það er kominn tími til að viðkomandi yfirvöld taki í taumana og rann saki brunamál flugvallarins svo og feril slökkviliðsstjórans, víki honum tafarlaust úr embætti og láti mann með vit í kollinum og reynslu í svona málum hljóta þetta starf.“

Öll framangreind ummæli þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar.
2. Að öll framangreind ummæli verði dæmd ómerk.
3. Að dómur í máli þessu verði birtur í Nýjum vikutíðindum, fyrsta tölublaði, sem út kemur eftir að dómur er birtur ákærða, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.
4. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta og miskabóta.
5. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er ritstjóri og ábyrgðarmaður vikublaðsins Nýrra viku-tíðinda, sem er gefið út hér í borg. Í 8. tbl. 2. árgangs blaðsins, er út kom 23. febrúar s.l., birtist grein með fyrirsögninni: „Bruninn á flugvellinum: Var tjara í vatnstönkum vallarins?“ Grein þessi fjallar um eldsvoða, sem varð á Reykjavíkurflugvelli 29. janúar s.l. og olli miklu tjóni. Er grein þessi hörð gagnrýni á frammistöðu flugvallarslökkviliðsins við eldsvoða þennan. Í 10. tbl. útg. 9. marz, er önnur grein í sama dúr með fyrirsögninni: „Tjaran á tönkunum. Ýtarleg rannsókn fari fram á brunanum á Reykjavíkurflugvelli.“ Loks birtist enn grein um sama efni hinn 30. marz í 13. tbl. með fyrirsögninni: „Bruninn á flugvellinum. Alvarleg embættisafglöp slökkviliðsstjóra.“

Í greinum þessum eru öll þau ummæli, sem tilgreind eru í ákærinni.

Guðmundur Guðmundsson, Hvassaleiti 46, sem er yfirmaður slökkviliðsins á Reykjavíkurflugvelli, sem rekið er af flugmálastjórninni, beiddist þess með bréfi til saksóknara, dags. 14. apríl, að ákærði yrði sóttur til saka út af þeim ummælum í nefndum greinum, sem í ákæru getur. Ákærða var við rannsókn, sem fram fór samkvæmt kröfu saksóknara, gefinn kostur á að renna stoðum undir þær ásakanir, sem í nefndum ummælum felast. Eftir kröfu ákærða voru síðan leiddir sem vitni Guðni Jónsson, yfirverkstjóri á Reykjavíkurflugvelli, Sigurður Gunnar Sigurðs-

son, varaslökkviliðsstjóri í borgarslökkviliðinu, og tveir flugmenn, Styrkár Geir Sigurðsson og Hilmar Bergsteinsson. Beindist vitnaleiðsla þessi einkum að því atriði, er haldið hafði verið fram í nefndum blaðagreinum, að tjara hefði reynzt vera í vatnstank einum, er grípa hefði átt til við slökkvistarfið. Verða nú raktir framburðir vitna þessara.

Vitnið Guðni Jónsson, Kársnesbraut 46, Kópavogi, 58 ára að aldri, kveðst hafa verið starfsmaður flugmálastjórnarinnar síðan 1947. Hann segir, að þá hafi verið á vellinum miklar birgðir af tjöru, sem herinn hafi skilið eftir, og hafi hún verið geymd í stáltunnum. Næstu tvö ár hafi töluvert af tjöru þessari verið notað, en mikið hafi þó verið eftir. Hafi tunnurnar, sem tjaran var geymd á, verið teknar að ryðga og tjaran verið farin að renna niður. Þá hafi verið brugðið á það ráð, að koma tjörunni fyrir í vatnsgeymum á vellinum, og hafi verið sett tjara í 3 eða 4 geyma. Guðna minnir, að þetta væri gert vorið 1950. Hafi þetta verið gert í samráði við flugvallarstjóra, Agnar Kofoed-Hansen, en Guðmundur slökkviliðsstjóri hafi einnig gengið inn á þetta. Tjaran hafi svo verið á tönkunum líklega 3—4 ár. Hafi hún síðan verið notuð til malbikunar á vellinum. Tjaran hafi verið hituð upp í geymunum með gufuspíral og henni svo dælt úr tönkunum, eftir því sem hægt hafi verið. Eftir þetta hafi ekki verið geymd tjara í vatnsgeymum flugvallarins. Guðni segir, að á vellinum séu eitthvað um 10 vatnsgeymar.

Vitnið Sigurður Gunnar Sigurðsson, Ásgarði 75, 45 ára að aldri, stjórnaði slökkvistarfi borgarslökkviliðsins í umræddum eldsvoða. Hann segir, að er liðið kom á vettvang, hafi hann haft samband við Guðmund slökkviliðsstjóra og Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóra, sem verið hafi á staðnum, en hann hafi þá vísað á vatnsgeymi, sem verið hafi ekki alllangt frá brunastað. Hafi svo verið reynt að taka vatn af þessum geymi, en ekki tekizt. Vatn af geyminum verði að taka með því að fara með slöngu upp á geyminn og setja hana þannig niður í vatnið, en barkarnir hafi ekki verið nógu langir. Hafi síðan verið tengd slanga við vatnsleiðslukerfið á vellinum. Sigurður segir, að vatn hafi hins vegar verið í nefndum geymi, enda hafi flugvallar-slökkviliðið tekið vatn úr þessum sama geymi, eftir að þrotið var vatn í brunni þeim, er það notaði fyrst. Sigurður kveðst ekki vita til þess, að neinar misfellingar hafi verið á starfi vallar-slökkviliðsins í þetta skipti.

Vitnið Hilmar Bergsteinsson, Sporðagrunni 12, 27 ára að aldri,

kveðst hafa unnið öðru hverju á flugvellingum frá vorinu 1950 þar til fyrir 2 árum. Hann kveðst fyrir allmörgum árum hafa unnið að því að setja tjöru á vatnsgeymana. Hann kveðst ekki vita, hvort tjara hafi verið tekin úr geymunum aftur, en minnst þess þó, að hann varð einhvern tíma var við, að hitunartæki voru sett upp við tjörugeymi til þess að bræða upp tjöruna.

Vitnið Styrkár Geir Sigurðsson, Rauðalæk 65, 29 ára, sem starfað hefur á flugvellingum, kveðst ekkert vita um það, hvort tjara hafi verið geymd á vatnsgeymum vallarins. Hann hafi þó einhvern tíma heyrt orðróm í þá átt, en kann ekki að henda reiður á honum.

Önnur vitni hafa ekki verið leidd, en fram hefur verið lagt afrit af lögreglurannsókn, er fram fór út af umræddum eldsvoða. Samkvæmt henni voru upptök eldsvoðans þessi: Í verkstæðisskála á flugvellingum til hliðar við slökkvistöðina var verið að vinna við rafsuðu hjá snjóplóg, sem var þar til viðgerðar. Varð þá sprenging í öðrum benzíngeymi plógsins, og virðist hún munu hafa stafað af því, að neisti frá rafsuðunni hafi kveikt í benzínuppgufun í tankinum. Benzíntankar plógsins munu hafa verið opnir, en þó kann að hafa verið tuska fyrir opinu eða tvistur í því. Það kemur og fram í rannsókninni, að Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri hafi áður veitt því athygli, að benzíngeymar plógsins væru opnir.

Rannsókn þessi snýst ekki að marki um það, hvernig slökkvistarfið hafi verið unnið, og kemur ekki fram af henni, að um nein mistök hafi verið að ræða í því.

Er þá komið að því að taka afstöðu til ákæruliðanna, og verður vitnað til þeirra með sömu númerum og hér að framan í ákærunni.

Nokkur af hinum átöldu ummælum lúta að því, að tjara hafi verið geymd í vatnsgeymum vallarins:

I. 6: „Við nánari athugun....“ o. s. frv.

I. 8: „Það er mikil ábyrgð á herðum þess manns“
„.... standa fyrir máli sínu.“

II. 2: „.... því furðulega tiltæki“ o. s. frv.

III. 3: „.... ekki þorað að svara“ o. s. frv.

III. 6: „.... en hann verður að teljast“ o. s. frv.

Um þessi ummæli er það að segja, að eins og að framan getur hefur sannazt, að það hefur ekki við nein rök að styðjast, að tjara hafi verið gleymd á geymi þeim, sem slökkviliðið reyndi fyrst að ná vatni úr, né heldur öðrum vatnsgeymum vallarins

mörg undanfarin ár. Með nefndum ummælum hefur ákærði því haft uppi ósannar, ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann út af starfa hans. Hefur ákærði þannig unnið til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

I. 4: „.... þessum furðulegu vinnubrögðum“

I. 5: „.... Eða áttu slökkviliðsmenn“ o. s. frv.

Í málgrein þeirri, er þessi ummæli standa í, er því haldið fram, að slökkviliðsmenn vallarins hafi í upphafi eldsvoðans dælt af geymi slökkviliðsbílsins, en ekki beint vatnsgeislanum að eldinum, heldur inn í skála slökkviliðsins sjálfs. Af því sést, að ummælin fela í sér dylgjur um, að slökkviliðsmenn hafi metið meira að vernda einhverjar eigur sínar en að slökkva eldinn. Að aðdróttunum þessum hefur ákærði eigi reynt að færa hin minnstu rök. Ummælin beinast að slökkviliðsmönnum vallarins, og þá eigi sízt að slökkviliðsstjóranum, sem stjórnaði slökkvistarfinu. Ákærði hefur því með nefndum ærumeiðandi aðdróttunum brotið gegn 108. gr. almennra hegningarlaga.

I. 1: „.... margir hallmælt slökkviliði“ o. s. frv.

I. 2: „.... þar er eitthvað verið að hylja“ o. s. frv.

I. 3: „.... í stað þess að reyna að kæfa eldinn“ o. s. frv.

I. 7: „Við sem fljúgum um þennan völl“ o. s. frv.

I. 8: „.... Sjálfur slökkviliðsstjóri á mikla sök á því ófremdarástandi og kæruleysi, sem ríkir innan slökkviliðs vallarins“.

II. 1: „Slökkviliðsstjóri forðast það“ o. s. frv.

II. 3: „.... verður hann að teljast óhæfur til að gegna því starfi“ o. s. frv.

II. 4: „.... hið mikla öngþveiti og kæruleysi“ o. s. frv.

II. 5: „Embætti slökkviliðsstjóra flugvallarins“

III. 1: Undirfyrirsögnin: Alvarleg embættisafglöp slökkviliðsstjóra“.

III. 2: „Það vita allir“ o. s. frv.

III. 4: „Starfshættir slökkviliðs flugvallarins“ o. s. frv.

III. 5: „Slökkviliðsstjóri á mikla sök á hvernig fór.“

III. 7: „Hér er um alvarleg embættisafglöp að ræða“ o. s. frv.

III. 8: „Það er of mikið í húfi“ o. s. frv.

Ummæli þessi fela í sér stórfelldar aðdróttanir á hendur Guðmundi Guðmundssyni fyrir margvíslega vanrækslu og ódugnað í starfi, einkum að því er tekur til slökkvistarfsins við margnefndan eldsvoða á Reykjavíkflugvelli. Ákærði hefur eigi reynt

að renna neinum stoðum undir þessar aðdróttanir, og sem fyrr getur kemur ekkert fram í rannsókn þeirri, er fram fór út af eldsvoðanum, sem bendi til þess, að aðdróttanirnar hafi við rök að styðjast. Verjandi ákærða hefur í vörn sinni haldið því fram, að Guðmundur slökkviliðsstjóri hefi sýnt hirðuleysi í starfi með því að láta það afskiptalaust, að benzíngeymar snjóplógsins væru látnir standa opnir, en ekki getur dómurinn fallið á þá skoðun verjandans. Verður að telja allar framangreindar aðdróttanir ákærða á hendur Guðmundi Guðmundssyni rakalausar með öllu, og hefur ákærði með því að hafa í frammi slíkar ærumeiðingar unnið til refsingar samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu fyrir meiðyrði þau, er nú hafa verið rakin, ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Gæta ber þess, að ákærði hefur eigi fyrr sætt neinum kærum né refsingum fyrir brot gegn meiðyrðalöggjöfinni. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til rikissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga analogice ber að dæma öll hin átöldu ummæli dauð og ómerk.

Þá ber að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði verði dæmdur skyldur til þess að birta forsendur og niðurlag dóms þessa í fyrsta tölublaði Nýrra vikutíðinda, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa, sbr. ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1956.

Guðmundur Guðmundsson hefur krafizt þess, að sér verði tildæmdar miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 100.000.00 eða önnur lægri fjárhæð að mati dómsins, auk venjulegra vaxta. Kröfu þessa ber samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga að taka til greina, þó þannig, að bæturnar þykja hæfilega ákveðnar kr. 8000.00. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða 7% ársvexti af fjárhæð þessari frá þeim degi, er krafan var sett fram, þ. e. 14. apríl 1962, til greiðsludags.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun að fjárhæð kr. 2000.00.

Í skriflegri vörn sinni hefur verjandinn viðhaft ýmis óviðurkvæmileg ummæli um Guðmund Guðmundsson slökkviliðsstjóra, svo sem: „... en segir ekki hálfan sannleikann ...“, „Að öðru leyti er grein þessi full af rangfærslum og yfirhýlmingum ...“,

og „Síðan hleypur hann undir pilsfaldinn á ákæruvaldinu“.
Ber að víta lögmanninn fyrir þennan ósæmilega rithátt.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Hólmgeirsson, greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin átöldu ummæli skulu vera ómerk.

Ákærða er skylt að birta samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 forsendur og niðurstöðu dóms þessa í næsta tölublaði, er út kemur af blaðinu Nýjum vikutiðindum eftir birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Guðmundi Guðmundssyni kr. 8000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1962 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 2000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens héraðsdómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúar 1963.

Nr. 89/1962. **Reynir Guðmannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ingu Kristínu Guðmundsdóttur
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ágreiningur um eignarrétt að fasteign. Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með